

**Efnagreining vatnssýnis úr holu SW-1 á
Svalbarðseyri**

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-86-03

EFNAGREINING VATNSSÝNIS ÚR HOLU SW-1 Á SVALBARÐSEYRI

Samkvæmt samkomulagi við Hitaveitu Svalbarðseyrar var tekið sýni til efnagreiningar úr holu SW-1 á Svalbarðseyri þann 20. október s.l.

Niðurstöður efnagreininga á vatninu eru í hjálagðri töflu ásamt efnagreiningu á sýni sem tekið var í nóvember 1984.

Upplýst efni í jarðhitavatni úr holu SW-1 á Svalbarðseyri

Dags.	Hiti	pH/°C	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S	Cl	F
			mg/kg									
841115	54	10,0/21	69,8	43,8	0,58	3,3	0	13,5	19,1	<0,05	16,2	0,58
851020	55	10,07/21	69,9	42,8	0,59	3,0	0,003	14,7	17,8	0,07	16,1	0,58

Eins og sést af töflunni eru niðurstöður beggja greininganna nánast eins og enginn marktækur munur sést á efnasamsetningu vatnsins í þessum tveim sýnum. Undantekning er þó styrkur súrefnis í vatninu sem nú mældist um 15 ppb ($\mu\text{g}/\text{kg}$) bæði á holutoppi og út af tanki, en 1984 mældist 80 ppb á holutoppi og 300 ppb í vatninu eftir að það kom úr tanknum.

Vitað er að frágangur á tanki hefur verið bættur verulega frá því að fyrra sýnið var tekið. Súrefni í vatni á holutoppi hefur aldrei mælst eins hátt og 1984 og gæti orsökina einfaldlega verið lélegur krani eða óþétt samskeyti einhvers staðar á holubúnaði í það sinni.